

SAMNINGUR

milli samninganefndar heilbrigðisráðherra (SHBR) og Samtaka áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann (SÁÁ), (hér nefnd verksali) um áfengis- og vímuefna meðferð fyrir sjúkratryggða einstaklinga á dagdeild.

1. gr. GILDISSVIÐ

SHBR og verksali, gera með sér samning um áfengis- og vímuefna meðferð á dagdeild fyrir einstaklinga sem eru sjúkratryggðir skv. lögum nr. 100/2007 um almannatryggingar.

Tryggingastofnun ríkisins (TR) sér um framkvæmd samningsins fyrir hönd SHBR.

Samningur þessi tekur til áfengis- og vímuefna meðferðar (eftirmeðferðar), að undangenginni áfengis- og vímuefna meðferð með innlögn á sjúkrahúsi.

Samningur þessi nær ekki til vinnu við hóp- og vísindarannsóknir eða heilsuverndarstarfa, hverju nafni sem nefnast.

Samningur þessi kemur ekki í veg fyrir að SHBR geri samninga við aðra aðila sem fullnægja skilyrðum laga og reglna um áfengis- og vímuefna meðferð.

2. gr. KRÖFUR TIL VERKSALA

Þjónusta sú, sem samningur þessi tekur til, skal unnin á dagdeild verksala af áfengisráðgjöfum sem hlotið hafa viðurkenningu heilbrigðisstjórnar til að meðhöndla áfengis- og vímuefnasjúklinga og starfa undir umsjón lækna.


Verksali skal veita viðurkennda og gagnreynda áfengis- og vímuefna meðferð og uppfylla allar opinberar kröfur um faglega vinnu, rekstur og eftirlit. Verksali ábyrgist faglega hæfni þess starfsfólks sem hann notar í starfsemi sinni, þagnarskyldu þess og þjónustulipurð. Færsla í sjúkraskrár skal vera í samræmi við reglugerð þar um, nú rg. nr. 227/1991.

Þjónusta verksala felst í meðferð skv. 5. gr. og skal standa sjúklingum til boða að meðaltali 5 - 6 klst. á hverjum degi (a.m.k. 35 klst. á viku). Verulegar breytingar á þjónustu eru háðar samþykki TR.

Verksali skal sérstaklega gæta ákvæða laga nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga.

Verksali skal gæta ýtrustu hagkvæmni gagnvart sjúkratryggingum landsmanna við val á meðferðarúrræðum.

Þegar verksali hefur lokið meðferð á sjúklingi skal hann senda tilvísandi lækni samantekt um árangur meðferðar og annað sem skiptir máli.



3. gr.
AÐBÚNAÐUR

Dagdeild verksala skal uppfylla almennar kröfur um aðbúnað og aðgengi, hafa góða loftræstingu og lýsingu og vera með aðgang að salerni.

4. gr.
TILVÍSANIR

Þjónusta skv. samningi þessum er veitt samkvæmt tilvísun frá lækni sem starfar á sjúkrahúsi sem veitir áfengis- og vímuefnameðferð. Hún skal ná til meðferðarlotu og skal áætluð meðferðarlengd tilgreind í dögum. Tilvísuninni þarf að fylgja sjúkdómsgreining byggð á ICD-10 eða DSM-IV, stutt ágríp fjölskyldu- og sjúkrasögu, upplýsingar um fyrri meðferð og meðferðarmarkmið.

5. gr.
MEÐFERÐ

Áfengis- og vímuefnameðferð skal eftir þörfum og aðstæðum fara fram í samráði við tilvísandi lækni skv. 4. gr.

Meðferð samanstendur fyrst og fremst af fyrirlestrum, verkefnatímum og hópmeðferð, samkvæmt nánari lýsingu í fylgiskjali með samningi þessum. Þjónusta lækna og önnur heilbrigðisþjónusta sem tengist meðferðinni er innifalin.

Í lok meðferðar (meðferðarlotu) skal meðferðaraðili senda samantekt um árangur meðferðar til tilvísandi læknis þar sem fram kemur:

1. Stutt ágríp um innihald meðferðar.
2. Árangur meðferðar á grundvelli markmiða skv. tilvísun.
3. Mat á þörf fyrir frekari meðferð. Ef frekari meðferðar er þörf þá komi fram áætluð meðferðarlengd.

6. gr.
ÞÓKNUN

Daggjald TR fyrir áfengis- og vímuefnameðferð skv. samningi þessum skal vera kr. 9.000 pr. meðferðardag. Meðferð getur farið fram um helgar og á öðrum helgidögum. Daggjald þetta breytist árlega í samræmi við launa- og verðlagsforsendur sem liggja til grundvallar fjárveitingum til heilbrigðisstofnana á fjárlögum hvers árs, í fyrsta sinn 1. janúar 2009.

Þóknun skv. 1. mgr. er miðuð við allt að 17.000 meðferðardaga. Þjónustuna skal veita sem jafnast yfir árið. SÁÁ er heimilt að veita þjónustu umfram 17.000 meðferðardaga, svo og umfram þá þjónustu sem skilgreind er í 5. gr. samnings þessa, enda skal hún þá fjármögnuð með öðrum tekjum en daggjöldum TR.



7. gr.
GREIÐSLUTILHÖGUN

Reikningar skulu sendir TR mánaðarlega á því formi, sem lög gera ráð fyrir og að öðru leyti uppfylla þau skilyrði, sem sett kunna að verða. Á reikningi skal koma fram nafn og kennitala sjúklings, hvaða dag meðferð hófst og hvaða dag henni lauk. Sjúklingur skal í lok meðferðar staðfesta með undirskrift sinni á reikninginn að meðferð hafi átt sér stað og að hún sé rétt skráð.

Verksali skal leggja sér sjálfur til öll reikningseyðublöð og önnur gögn vegna starfsemi sinnar.

Stefnt skal að því að verksali sendi reikninga til TR með rafrænum hætti.

TR getur hvenær sem er skriflega óskað skýringa á reikningi og ber verksala að gefa þær. Meðan ekki hefur fengist skýring er heimilt að:

- greiða reikning með fyrirvara
- hafna greiðslu reiknings

Báðir aðilar geta skotið ágreiningi um reikning til samráðsnefndar, sbr. 11. gr.

Reikningar fyrir þjónustu hvers mánaðar þurfa að berast TR fyrir 15. næsta mánaðar. Séu reikningarnir athugasemdaleusir greiðir TR reikninga inn á bankareikning verksala innan 12 daga frá móttöku þeirra.

8. gr.
ÁBYRGÐ

Verksali skal hafa fullnægjandi starfsábyrgðar- og sjúklingatryggingu hjá viðurkenndu váttryggingafélagi.

9. gr.
UPPLÝSINGAR UM SJÚKLING

Verksali skal skrá upplýsingar um hvern sjúkling og veitta meðferð, sbr. 2. mgr. 2. gr. Læknar TR skulu hafa aðgang að þeim sjúkraskráum verksala er varða þjónustu hans við hina sjúkratryggðu í samræmi við 5. mgr. 52. gr. laga um almannatryggingar nr. 100/2007.

10. gr.
EFTIRLIT

Eftirlit TR felst í greiningu innsendra gagna, bréfaskiptum við verksala og lækna og heimsóknnum. Verksala er skylt að veita læknum TR þær upplýsingar sem stofnuninni eru nauðsynlegar vegna greiðslna skv. samningi þessum og vegna eftirlitshlutverks stofnunarinnar í samræmi við 52. gr. laga nr. 100/2007.

Landlæknir hefur eftirlit með að framangreind þjónusta uppfylli faglegar kröfur til reksturs heilbrigðisþjónustu og uppfylli ákvæði heilbrigðislöggjafar á hverjum tíma.

11. gr.
SAMRÁÐSNEFND OG MEÐFERÐ ÁGREININGSMÁLA

Hvor aðili um sig skal skipa tvo menn í samráðsnefnd. Boða skal fundi ef annar hvor aðila óskar þess. Hlutverk nefndarinnar er:


- 1) Að fjalla um ágreining eða álitamál í samskiptum samningsaðila sem aðilar vísa til nefndarinnar.
 - 2) Að gera tillögur í öðrum málum er upp kunna að koma í samskiptum aðila.
- Unnt er að skjóta ágreiningi innan samráðsnefndar til sameiginlegs fundar samninganefnda aðila.
- Rísi mál út af samningi þessum má leggja það fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur.

12. gr.
GILDISTÍMI


Samningur þessi gildir frá 1. janúar 2008 til 31. desember 2011. Hann er þó uppsejgjanlegur með 6 mánaða fyrirvara á samningstímanum.

Reykjavík, 4. febrúar 2008

Samninganefnd heilbrigðisráðherra


Steingrímur Þórsson
Kristján Guðjónsson
Ólafur Sumarsson
Ólafur Sumarsson
Froelundur Þorsteinsson
Sallgímus Guðmundsson

F.h. SÁÁ, Samtaka áhugafólks
um áfengis- og vímuefnavandann


Göran Þorgeirsson
Ólafur Þ. Þorsteinsson

Dagdeildarmeðferð SÁÁ fyrir þá sjúklinga sem lokið hafa áfengis- og vímuefnameðferð, inniliggjandi á sjúkrahúsi.

Meðferðin er á ábyrgð og í umsjá lækna en að mestu í höndum áfengisráðgjafa sem hlotið hafa viðurkenningu heilbrigðisstjórnar. Hjúkrunarfræðingar og sálfræðingar eru einnig ráðgefandi um meðferðina. Vakt lækna og ráðgjafapjónusta er til staðar á vegum verksala allan sólarhringinn.

Meðferðin er viðamikil og fjölpætt og stendur oftast í 4 vikur. Ef ástæða er til og að undangenginni sameiginlegri greiningu má stytta eða lengja meðferðartímann, enda fái þá sjúklingar meðferð og verkefni við hæfi, samkvæmt greiningunni.

Gert er ráð fyrir að 650 einstaklingar innritist í slíka meðferð á ári og dveljist þar samanlagt um 17.000 meðferðardaga.

Komið verður til móts við hvern skjólstæðing fyrir sig með greiningar- og meðferðarviðtölum á meðferðartímanum. Auk þess verður gerð frekari endurhæfingaráætlun fyrir hvern og einn við útskrift að meðferð lokinni. Í meðferðinni verður sjúklingunum skipt í mismunandi meðferðarhópa þannig að sem best verði hægt að koma til móts við þarfir hvers og eins. Þannig er gert ráð fyrir að halda úti sérstökum meðferðarhópum fyrir endurkomukarla, konur, unglinga auk hefðbundins meðferðarhóps sem hentar flestum. Í þessum hópum verður fræðsla og verkefni sniðin að þörfum hópanna.

Innihald meðferðarinnar verður að meginhluta hugræn atferlismeðferð sem veitir fallvörn og sjálfstyrkingu. Sjúklingum verður í þessari meðferð kennt að höndla streitu, kvíða og erfiðar aðstæður. Greina fíknivaka og bregðast rétt við þeim. Fræddir um föll og fallþróun og kennt að notfæra sér ýmsa ráðgjöf og stuðning sem í boði er eftir meðferðina. Hér er einkum átt við fjölskylduþjónustu og eftirfylgni hjá SÁÁ auk AA-, GA- og NA samtakanna. Einnig verða gerðar áætlanir með sjúklingum sem þurfa á félagsþjónustu og/eða lögfræðiþjónustu að halda.

Meðferðin fer að mestu fram á virkum dögum en á kvöldin og um helgar verða sjúklingum fengin verkefni sem þeir vinna ýmist einir eða í hópum. Sjúklingum er einnig gefið tækifæri að sækja AA-, GA- eða NA fundi.

Á hverjum virkum degi situr sjúklingur tvö fræðsluerindi og sækir tvo meðferðarhópa. Auk þessa er honum ætlað að vinna ýmis sérverkefni. Á virkum dögum eru sjúklingarnir teknir í greiningar- og meðferðarviðtöl eftir þörfum, að lágmarki fær hver sjúklingur þrjú viðtöl á meðferðartíma.

